


OECD *Multilingual Summaries*

OECD-FAO Agricultural Outlook 2014

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/agr_outlook-2014-en

OECD-FAO horfur í landbúnaði 2014

Útdráttur á íslensku

Verð landbúnaðarafurða á alþjóðamörkuðum hefur lækkað umtalsvert frá því sem það var hæst, einkum vegna metuppskeru árána 2013/14. Hinsvegar hefur verð á kjöti og mjólkurafurðum aldrei verið lægra vegna þess að framboð var ekki í samræmi við væntingar á árinu 2013. Verð etanóls og lífdísilólú hafa haldið áfram að lækka frá sögulegu hámarki sem náðist árið 2011 þar sem nægt framboð er á hvoru tveggja.

Eftirspurnin eftir landbúnaðarafurðum er talin verða stöðug enda þótt hún vaxi ekki jafn hratt og á síðastliðnum áratug. Kornvörur eru enn meginuppistaða í fæðu manna en auknar tekjur, þéttbýlisvæðing og breyttar matarvenjur hafa leitt til breytinga í mataræði sem einkennist af aukinni neyslu prótíns, fitu og sykurs.

Á næstkomandi áratug er því spáð að búfjárrækt og framleiðsla á lífeldsneyti muni aukast hraðar en framleiðsla á kornvörum. Sú breyting sem er að verða á framleiðsluháttum landbúnaðarframleiðslu ýtir undir hlutfallslega meiri áherslu á grófar korntegundir og olíufræ til að mæta eftirspurninni eftir fóðri og lífeldsneyti og minni áherslu á undirstöðufæðutegundir svo sem hveiti og hrísgrjón. Meginhluti framleiðsluaukningarinnar mun verða á svæðum þar sem aðgengi að ræktarlandi og vatni svo og reglur vegna stefnumótunar hindra hana minnst.

Talið er að verð á nytjaplöntum mun halda áfram að lækka í eitt eða tvö ár í viðbót áður en það verður stöðugt og verður hærra en það var nokkru sinni á tímabilinu fyrir 2008 en umtalsvert lægra en núverandi ástand. Ætla má að verð á kjöti, mjólkurafurðum og fiski hækki. Að raungildi er þó talið að verð bæði á uppskeru og afurðum dýra muni lækka yfir meðallangan tíma. Væntanlegt hlutfall milli birgða og notkunar varðandi kornvörur hefur aukist umtalsvert sem ætti að draga úr áhyggjum vegna sveiflukennds verðlags.

Aukning í fiskveiðum verður aðallega með tilstuðlan ört vaxandi fiskiræktar í þróunarlöndunum. Áframhaldandi hár kostnaður í tengslum við öflugna eftirspurn mun halda fiskverði vel ofan við sögulegt meðaltal og mun það teyja fyrir aukinni neyslu á næsta áratug. Framleiðsluaukning mun aðallega koma frá þróunarlöndum í Asíu og Suður-Ameríku.

Viðskipti halda áfram að aukast en ekki jafn hratt og á síðastliðnum áratug. Ameríkulönd munu styrkja stöðu sína sem ráðandi útflutningssvæði bæði út frá verðmæti og magni en Afríka og Asía munu auka nettóinnflutning sinn til að mæta aukinni eftirspurn.

Nýlegar endurbætur í stefnumótun varðandi markaði í landbúnaði og fiskveiðum hafa gert þeim löndum sem treysta mest á eftirspurn og framboð kleift að bregðast við vísbindingum frá markaðnum; þó er hvort tveggja undir áhrifum af stefnumótum svo sem stuðningi við framleiðendur, almennri hlutabréfaeign og einkaleyfum á framleiðslu lífeldsneytis. Frekari breytingar í stefnumótun eru væntanlegar. Með landbúnaðarlögum Bandaríkjanna frá 2014 og 2013 hafa þær endurbætur á almennri landbúnaðarstefnu sem gerð var af Evrópusambandinu verið samþykktar á síðastliðnu ári en þó er ekki tekið tillit til ákvæða þeirra í núverandi spá vegna þess að nánari útfærsla á innleiðingu þeirra er ekki lokið.

Helstu atriði í hrávörumarkaði á heimsvísu árið 2023

Kornvörur: Heimsvörð á helstu kornvörum mun fara lækkandi á fyrri hluta spátímabilsins sem gæti eftir alþjóðaviðskipti. Þess er vænst að hlutabréf í hrisgrjónabirgðum komi til með að hækka í Asíu og slá öll met.

Olíufræ: Hluti þeirra landsvæða á heimsvísu þar sem olíufræjarækt er stunduð heldur áfram að aukast en þó með hægara móti við það að stöðug eftirspurn eftir jurtaolíum þrýstir verði upp á við.

Sykur: Eftir nokkra lækkun seint á árinu 2013 mun verð á sykri ná sér á ný sem ræðst af mikilli eftirspurn á heimsvísu. Útflutningur frá Brasilu sem er ríkjandi útflytjandi sykurs mun verða fyrir áhrifum af markaði með etanól.

Bómmull: Væntanleg losun á uppsöfnuðum birgðum mun auka neyslu í tengslum við lækkað verð þar til verðið nær sér upp á ný fyrir árið 2023.

Lífeldsneyti: Neysla og framleiðsla á lífeldsneyti er talin muni aukast um meira en 50% og er hún knúin af etanóli unnu úr sykurfurðum og lífdísilólíu. Hækkun verðs á etanóli er í samræmi við verð á hráolíu en verð lífdísilólíu fylgir fremur þróun í verði á jurtaolíum.

Kjöt: Mikil eftirspurn eftir innflutningi frá Asíulöndum og ræktun bústofns í Norður-Ameríku veldur hækkun á verði kjöts og nautakjötsverð slær öll met. Alifuglakjöt fer fram úr svínakjöti sem sú kjötafurð sem mest er neytt af á tímabilinu sem horfurnar ná til.

Mjólkurafurðir: Núverandi hátt verð mun lækka örflíð vegna viðvarandi framleiðsluaukningar í helstu framleiðslulöndunum og aukningu á ný í Kína. Indland fer fram úr Evrópusambandinu sem stærsti mjólkurframleiðandi heims og byggir upp umtalsverðan útflutning á mjólkurdufti á tímabilinu sem horfurnar ná til.

Fiskveiðar: Aukning í fiskirækt mun einkum verða í Asíulöndum. Hún heldur áfram að vera sú grein matvælaframleiðslu sem eflist hvað hraðast og mun fara fram úr fiskveiðum til manneldis árið 2014.

Athygli beint að Indlandi

Þessi útgáfa á horfum beinir athyglinni að Indlandi sem er næstfjölmennasta landi heims með flesta bændur og einnig með hæst hlutfall íbúa sem búa við fæðuöryggi. Horfurnar draga upp tiltölulega bjartsýna framtíðarspá fyrir Indland sem talið er að muni viðhalda framleiðslu og aukningu í neyslu matvæla á íbúa sem stjórnast aðallega af geirum með hærri virðisauka.

Lögin um fæðuöryggi innanlands er stærsta áætlun um framleiðslu á matvælum sem reynt hefur verið að hrinda í framkvæmd og í henni er úthlutað skömmtum af niðurgreiddri kornvöru (um 90% lægra en útsöluverð) til meira en 800 milljón manns. Innleiðing þessara laga er meiri háttar verkefni.

Niðurgreiðslur sem efla aukna notkun áburðar, skordýraeiturs, útsæðis, vatns, rafmagns og lána og stuðningur við markaðsverð hafa stuðlaða að mikilli aukningu í framleiðslu á landbúnaðarvörum á síðastliðnum áratug. Þessi verkefni halda áfram að efla framleiðslu og gera Indlandi kleift að auka birgðir á hvern íbúa umtalsvert enda þótt aukinn þrýstingur á auðlindir muni draga úr heildarhraða aukningarinnar á næsta áratug.

Þó mataræði Indverja sé að mestu jurtafæði þá mun það verða fyrir breytingum. Talið er að neysla kornvöru muni aukast en aukning í neyslu á mjólk og mjólkurafurðum, belgjurtum, ávöxtum og grænmeti mun stuðla að aukinni neyslu á næringarefnum. Fiskur mun einnig verða mikilvæg og aukinn prótingjafi og neysla kjöts mun aukast mjög en vera samt einhver sú minnsta í heimi.

Helstu óvissuþættir eru í þjóðhagslegri frammistöðu Indlands, sjálfbærni í ræktun afurða og framkvæmd áætlana ríkisstjórna.

Athugasemd um þjóðhagslegar forsendur

Þjóðhagsleg staða sem er að baki þessarar spár um horfur gerir ráð fyrir 2,2% meðalaukningu vergrar landsframleiðslu á ári í OECD-rikjum. Efnahagshorfur hjá ýmsum vaxandi hagkerfum hafa styrkar stoðir en við endurskoðun hefur þeim miðað síður í samanburði við síðastliðinn áratug. Flest efnahagskerfi í Afríku sýna traustan vöxt. Sterkari Bandaríkjadalur mun hafa áhrif á samkeppnishæfni fjölda ríkja. Jarðölfuverð er talið muni ná USD 147 á tunnu fyrir árið 2023.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD/FAO (2014), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2014*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/agr_outlook-2014-en